

# Hvað er á seyði



# um helgina?

Sýningar — Tónleikar — Bækur — Kvikmyndir

## BING & GRÖNDAHL KYNNIR FJÖLBREYTNÍ POSTULÍNS

Dönsku postulínsverksmiðjurnar Bing & Grøndahl opnuðu í gær list-sýningu að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni getur að líta sjaldgæfa postulínsmuni, muni eftir íslenska listamenn, verðmætt safn jólaplatta og verk eftir nútímalistamenn. Sýningin er fyrsta listsýning Bing & Grøndahl hér á landi en áður hefur fyrirtækið haldið hér sölusýningar.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru fáeinir stytur gerðar eftir höggmyndum Bertels Thorvaldsen. Styttur eru úr ómáluðu og óglerhúðu biskvípostulíni, en fyrstu munirnir sem Bing & Grøndahl framleiddu voru einmitt munir eftir Thorvaldsen af þessu tagi.

Heildarsafn jólaplatta Bing & Grøndahl hefur verið hengt upp á vegg á Kjarvalsstöðum. Athygli vekur að þarna er að finna nokkra platta sem hafa verið framleiddir sérstaklega fyrir Íslandsmarkað.

Á ganginum fyrir framan Vestur-

sal Kjarvalsstaða eru sýndir munir sem Bing & Grøndahl fjöldaframleiðir eftir verkum nútímalistamanna. Margir þessara muna eru alger andstæða bláu postulínsstytta sem fyrirtækið er þekktast fyrir. Þessi hluti sýningarinnar ætti því að koma þægilega á óvart. Meðal nýjunga í framleiðslu verksmiðjanna eru veggflisar eftir Sigrúnu Guðjónsdóttur, eða Rúnu.

Munirnir frá Bing & Grøndahl eru handskreyttir enn þann dag í dag og því eru engir tveir munir nákvæmlega eins. Einn af skreytingamönnum Bing & Grøndahl hefur flutt verkstæði sitt til Íslands í tilefni af sýningunni og þar gefst fólki tækifæri til að sjá stellið Empire handskreytt.

Tólf fyrirtæki keppa í borðskreytingum á Bing & Grøndahl sýningunni. Sýningargestir geta því aflað sér nýrra hugmynda að borðskreytingum.

### Sýningar

Á meðan Bing & Grøndahl sýningin stendur eru fáanlegir pappadiskar til að nota í samkeppni um bestu diskaskreytinguna. Diskarnir fást hjá öllum umbodsmönnum Bing & Grøndahl og hver búð veitir stytta í fyrstu, önnur og þriðju verðlaun.

Bing & Grøndahl sýningin stendur aðeins í fimm daga og henni lýkur næstkomandi mánudagskvöld. Sýningin er opin alla dagana frá klukkan 14 til 22.

-SKJ.



Fjölbreytnin í listmunum frá Bing & Grøndahl er mikil. Hér sést sýnishorn af hvítum stytum sem sýndar eru á Kjarvalsstöðum.

DV-mynd Þó. G.

## Viltu skoða Þórsmörk eða ganga með Hengladalsá?

Aðalferð Útivistar um helgina verður á Sprengisand. Lokið verður við gerð Hallgrímsvörðu. Byrjað var á henni í fyrra. Hún er reist til heiðurs Hallgrími Jónassyni, kennara og rithöfund.

Hin helgarferð Útivistar er í Þórsmörk. Þar verður gisti í skála félagsins í Básam. Lagt verður af stað í báðar ferðirnar frá Umferðarmiðstöðinni klukkan 20 á föstudagskvöld.

Á sunnudaginn verða tvær ferðir á vegum Útivistar. Klukkan 8 verður lagt af stað í Þórsmörk. Í Hvalfjörð verður farið klukkan 13. Þar verður gengið á Pyril. Í dagsferðirnar

klukkan 13. Lagt verður af stað frá Umferðarmiðstöðinni í allar ferð-

irnar og er heimkomutími um kvöldmatarleytið á sunnudag.

-GSG.


### Ferðalög

verður einnig lagt af stað frá Umferðarmiðstöðinni.

Heimkomutími hjá Útivist er um kvöldmatarleytið á sunnudag úr öllum ferðunum.

Ferðafélag Íslands fer í fjórar helgarferðir klukkan 20 á föstudagskvöld. Farið verður í Þórsmörk. Einnig verður ferð í Landmannalaugar og Eldgjá. Þriðja ferð Ferðafélagsins er Fjallabaksleið syðri að Álftavatni. Að lokum verður fjórða helgarferðin á Hveravelli, með viðkomu í Hvítárnesi. Er þetta síðasta ferð sumarsins á þessar slóðir.

Á sunnudaginn verða tvær dagsferðir á vegum Ferðafélagsins. Sú fyrri er í Brúarskörð og Raudafell. Lagt verður af stað klukkan 9. Í seinni ferðinni verður gengið meðfram Hengladalsá og hefst sú



### Myndlist

Denise Colomb tók þessa mynd af fransk-ungverska myndlistarmanninum Vasarely árið 1967.

## Heimsfræg andlit í Listasafni alþýðu

Verk franska ljósmyndarans Denise Colomb eru nú til sýnis í Listasafni alþýðu. Árið 1948 hófst ljósmyndaferill Colomb og í fyrstu tók hún aðeins fjölskyldumyndir jafnframt því sem hún æfði sig í myrkrarberginu. Þannig kynntist hún möguleikum tjáningarmiðilsins.

Nokkrum árum seinna sá skáldið Antonin Artaud myndir Denise og sat fyrir hjá henni. Kygni hennar af skáldinu urðu aðdrifarík því eftir að hún myndaði það hóf hún að ljósmynda ýmsa heimspekta listamenn.

Í ljósmyndum sínum af listamönnum reynir Denise Colomb að höndla „falinn sannleika“ sem er í senn listamaðurinn og verk hans. Í

formála að sýningarskrá fyrir sýningu Colomb er vitnað til ummæla hennar um listgreinina ljósmyndun: „Því eins og hún segir sjálf þá er túlkun og tjáning ljósmyndarans ekki „uppfinning“ í eiginlegri merkingu heldur umfram allt ákveðið val, sem getur allt eins verið leiftursýn augnabliksins.“

Á sýningunni í Listasafni alþýðu getur að líta ljósmyndir af mörgum heimsfrægum mönnum. Meðal þeirra má nefna: Chagall, Braque, Miro, Lansky, Le Corbusier, Picasso, Max Ernst og þannig mætti lengi telja.

Sýningin í Listasafni alþýðu er opin frá klukkan 14 til 22, en henni lýkur nú á sunnudagskvöld.

-SKJ